

## **Íbúaráð Breiðholts 2. október 2024: Ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um stuðning vegna starfs íþróttafulltrúa Leiknis MSS24090063**

Lagt er til að Íbúaráð Breiðholts óski eftir því við borgarráð að gerður verði samningur við íþróttafélagið Leikni um stuðning borgaryfirvalda við starf íþróttafulltrúa á vegum félagsins. Samningurinn verði gerður í tengslum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 og taki mið af þeim samningum, sem þegar hafa verið gerðir við önnur hverfisíþróttafélög í borginni.

Greinargerð:

Oft er rætt um félagslega sérstöðu Efra Breiðholts og mikilvægi þess að fjölga iðkendum íþróttar. Leiknir gegnir lykilhlutverki varðandi íþróttastarf barna og ungmenna í hverfinu og hefur fullan hug á að fjölga iðkendum. Það háir þó starfsemi félagsins að hafa ekki íþróttafulltrúa í fullu starfi. Ljóst er að slíkur fulltrúi myndi gagnast vel til að styrkja starfsemi félagsins og koma henni á fastari grundvöll, t.d. með því að fjölga iðkendum af báðum kynjum, sem og af erlendum uppruna. Með íþróttafulltrúa í fullu starfi yrði Leikni þannig gert kleift að efla starfsemi félagsins og fjölga íþróttaiðkendum í Efra Breiðholti.

Um tíu þúsund manns búa nú í Efra Breiðholti og íbúum þar fer fjölgandi. Íþróttafélagið Leiknir hefur í rúma hálfu öld sinnt mikilvægu hlutverki í þágu íþróttastarfs barna og ungmenna í hverfinu og starfrækir nú fimm íþróttagreinar. Rétt er að líta til þeirrar starfsemi, sem og íbúafjölda, þegar ákvarðanir eru teknar um stuðning Reykjavíkurborgar við starf íþróttafulltrúa í hverfum borgarinnar.